



Hundar þrífast vel á íslensku ferskfóðri

Fyrirtækið **Hundahreysti** framleiðir alíslenskt ferskfóður, eða hráfæði, fyrir hunda. Fæðið er eitt sinnar tegundar hér á landi og hefur mælst afar vel fyrir. Fyrirtækið framleiðir sömuleiðis þurrkað hundanammi, þar á meðal hrefnukjöt sem er nýjung á markaði.

Við stofnuðum fyrirtækið rétt eftir hrun 2008 en það hefur vaxið jafnt og þétt síðan," segir eigandinn Kristín Þorvaldsdóttir sem rekur það með eiginmanni sínum Daníel V. Elíassyni. Þau kynntust hráfæði fyrir hunda í lengri Svíþjóðardvöl og það fæði var það besta sem þau höfðu komist í kynni við. „Það er hægt að blanda hráfæði sjálfur en þarna var hægt að kaupa það tilbúið. Þegar við fluttum heim fannst okkur þetta vanta. Eftir langa umhugsun sagði ég upp vinnunni minni, keypti uppskriftina og fór að framleiða þetta hér heima.“ segir Kristín.

Fóðrið inniheldur aðallega hrátt kjöt og soðnar nautavambir en er samsett heilfóður fyrir hunda. „Þeir þrífast mjög vel á þessu,“ segir Kristín. „Þetta hentar mjög vel hundum með viðkvæman maga. Þeir verða orkumeiri og feldurinn verður fallegr og betri. Þá hefur fóðrið reynst þeim hundum sem eru með ofnæmi vel og ég fæ reglulega upphringingu frá ánægðum hundaeigendum sem þakka mér fyrir að hafa komið þessu föðri á markað.“

Framleiðslan er alíslensk. Sömuleiðis allt hráefni svo lengi sem það er framleitt hér á landi. „Það er gaman að geta boðið upp á alíslenska og jafnframt hágæða

framleiðsluvöru.“ segir Kristín.

Framleiðslan fer fram í kjötvinnslu að Smiðjuvegi í Kópavogi. Stærstur hluti hennar er fyrrnefnt hráfæði sem líkist tilbúið ljósu hakki. „Þá erum við með úrval af hráum beinum og svo byggðum við nýlega þurrkofn og þurrkum grísaeyru, grísa-hala, grísatrýni og nautastangir sem er algengt hundanammi. Nýverið hófum við svo að þurrka hrefnu og hefur það mælst mjög vel fyrir. Við notum hrefnuafskurð sem annars færi til spillis. Kjötið er hollt og hundum finnst það afar bragðgott.“

Aðrar heilsuvörur bætast við með reglulegu millibili sem eykur að sögn Kristínar úrvalið af hágæða vörum fyrir hunda hér á landi.

Fóðrið og aðrar vörur fást í vefverslun fyrirtækisins á slóðinni www.hundahreysti.is en einnig í Garðheimum, hjá dýralæknum í Keflavík og Grafarholti, í öllum verslunum Dýrabæjar, í Dekurdýrum og Hundaheimum í Mosfellsbæ sem og hjá sölumönnum úti á landi.



Þurrkað hrefnukjöt er nýjung hjá Hundahreysti.



Kristín og Daníel sýna hér vöruúrvalið. Fóðrið er frosið og kemur í rúllum.



Hófi stekkur yfir hindrun með lyktarkeflið í kjaftinum.

MYND/MONIKA

Boðhlaup fyrir hunda

Monika Karlsdóttir á erfitt með að stunda krefjandi hreyfingu. Til að leyfa hundunum sínum að fá útrás fyrir hreyfipörf þjálfar hún þá í lyktarboðhlaupi, sem krefst hreyfingar af hundinum en ekki eigandanum.

Monika fæddist í Kanada en kom til Íslands með foreldrum sínum sem unglingur. Hún hefur búið víða, meðal annars í fjögur ár í Noregi, þar sem hún lærði hundþjálfun. „Ég er smelluþjálfari og hlýðnidómari hjá Hundaræktarfélagi Íslands auk þess að vera í stjórn íþróttadeildar félagsins sem heldur utan um þau hundasport sem stunduð eru á landinu. Enn sem komið er hefur þó einöngungu verið boðið upp á hundafimi,“ segir Monika, sem stundaði sjálf hundafimi af miklu kappi á árum áður. Í dag er Monika öryrki og getur ekki stundað hundafimi, sem krefst mikillar hreyfingar af eigandanum. Hún vonast því til að annað sport, lyktarboðhlaup (e. scent hurdles), muni ná vinsældum.

Lyktarboðhlaup gengur út á að hundur sækir og skilar kefli með lykt eiganda síns. Hundurinn byrjar á því að hoppa yfir hindranir til þess að komast að keflunum og þarf þá að greina á milli fjögurra kefla og taka það rétta. Síðan hleypur hann sömu leið til baka til að skila eigandanum keflinu. „Mjög vinsælt er að tvö lið keppi sín á milli. Þá fara tveir hundar af stað á sama tíma og það lið sem er fyrst til að skila

réttrum keflum sigrar. Þetta er mjög skemmtilegt bæði fyrir keppendur og áhorfendur,“ segir Monika, en sportið hentar henni sérstaklega vel þar sem hundarnir sjá um alla hreyfinguna.

Uppruna sportsins má rekja aftur til ársins 1967 í Kaliforníu þegar hópur fólks, með dóttur þjálfara stjórnuhundsins Lassie, byrjaði að þjálfa hunda í því. „Seinna þróuðu menn þetta út í mun hraðara sport sem heitir Flyball, en þá er notast við tennisbolta sem skýst út úr sérútbúnum kassa í stað keflanna,“ upplýsir Monika, sem telur það sport of stressandi fyrir marga hunda. Í lyktarboðhlaupi þurfa hundarnir hins vegar að vera með einbeitinguna í lagi til að klára brautina rétt. Monika segir sportið henta öllum hundum, jafnt ungum sem gömlum, stórum sem smáum.

Einn af stóru kostum sportsins að mati Moniku er að það krefst lítilla útgjalda og hindranirnar taka lítið pláss í geymslum. Hún vonast til að fleiri sjái sér hag í að koma sportinu á koppinn hér á landi. Þeir sem hafa áhuga á því geta haft samband við íþróttadeild HRFÍ, til dæmis gegnum vefsíðuna www.hundafimi.is.



Monika á fjóra íslenska fjárhunda. Þeir heita Tófra Birta Freyja (10 ára), Tófra Klói Hektorsson (6 ára), Hólmfríður frá Óláfssirólí (7 ára) og Ísrima Ljúfa Loppa (2 ára).

Líf og fjör í gæludýradeild Líflands

Gæludýradagar eru fram undan hjá versluninni Líflandi. Verslunin selur úrval vara sem aðallega eru ætlaðar hundum og köttum. Nýlega hóf Lífland sölu á nýju sjúkrafóðri frá ARION Health & Care.

Verslanir Líflands hófu nýlega að selja nýtt sjúkrafóður sem heitir ARION Health & Care. Halldór Victorsson, verslunarstjóri Líflands á Lynghálsi, segir ARION-fóðrið hafa fengið frábærar viðtökur og að nú sé komin ný og spennandi lína af sjúkrafóðri frá þeim. „ARION Health & Care er sérstaklega ætlað hundum sem til dæmis þjást af ofnæmi, gigt, mjaðmalosi eða eru með viðkvæman feld. Það sem er kannski enn ánægjulegra er að fóðrið er á mjög góðu verði hjá okkur.“

Lífland er nafn sem flestir tengja við hestavörur eða landbúnað. Það vill þó oft gleymast að verslanir Líflands hafa að geyma heilan hafsþjó af vörum fyrir ýmis gæludýr. Halldór segir fólk oft verða hissa á því hversu mikið úrvalið sé í raun og veru í verslunum fyrirtækisins. „Við erum að ég held með eitt besta úrval búra á landinu og þú finnur í raun hjá okkur allt sem viðkemur hundum og köttum. Við erum að setja af stað gæludýradaga og verðum með frábær tilbod og ráðgjöf í verslunum okkar um helgina og út næstu viku.“

Á morgun föstudag verður



Katrín Birna Smáradóttir, starfsmaður í verslun, og Halldór Victorsson verslunarstjóri halda hér á nýja sjúkrafóðrinu frá ARION Health & Care.

MYND/PJETUR

dýralæknir í verslun Líflands á Lynghálsi milli kl. 16 og 19 sem veitir viðskiptavinum ráðgjöf varðandi sjúkrafóðrið ARION Health & Care. Á laugardaginn verður hundasnyrtir á svæðinu sem býður upp á fría klóaklippingu milli kl. 12.30 og 15.00.

„Við hvetjum fólk til þess að kíkja í heimsókn með ferfætla vini sína, kynna sér spennandi tilbod okkar og taka þátt í skemmtilegum leik og fá persónulega ráðgjöf um leið,“ sagði Halldór að lokum. Nánari upplýsingar má finna á www.lifland.is.

GÆLUDÝRADAGAR Í LÍFLANDI

10.–17. maí

Nú eru Gæludýradagar í Líflandi með fræðslu, gleði og frábærum kynningartilboðum.

Föstudaginn 10. maí gefur dýralæknir góð ráð um nýja sjúkrafóðrið ARION Health&Care, milli kl. 16:00 og 19:00 á Lynghálsi 3.

Laugardaginn 11. maí fá okkar bestu vinir fría klóaklippingu hjá þrautreyndum hundasnyrti, milli kl. 12:30 og 15:00 á Lynghálsi 3.

Taktu þátt í léttum leik í verslunum okkar á Lynghálsi 3 og Lónsbakka Akureyri. Þú gætir unnið 3 mánaða birgðir af ARION Premium hundafóðri og margt fleira skemmtilegt. Við drögum út þrjá hundheppna þátttakendur föstudaginn 17. maí.

Við hlökkum til að sjá ykkur.


LÍFLAND

Hundurinn þinn á skilið það besta



Næringin og verðið skipta öllu máli!

Rauði Refur (Rebbi) HIT frá Heimsenda hefur margoft unnið til verðlauna hjá Hrfi á Íslandi. Rebbi eins og hann er kallaður er komin til Norges og hefur unnið titilinn Norskur Meistari, jafnframt fékk hann keppnisrétt á Crufts, stærstu hundasýningu í heimi sem haldin er á Englandi ár hvert. **Rebbi sem er 8 ára er fyrsti íslenskt ræktaði hundurinn sem sýndur var á Crufts 2013 sem er stærsta hundasýning í heimi og haldin er árlega á Englandi. Lára Birgisdóttir, ræktandi og sýnandi Rebba hefur eingöngu fóðrað hann á Pedigree.**



Lára Birgisdóttir, búfræðingur og hundaræktandi og Björn Ólafsson, hundaræktandi, hundapjálfari og hundaatferlisfræðingur, BIPDT, CIDBT velja aðeins Pedigree fyrir sína hunda.



Adult healthy vitality



Pedigree® Adult Vitality er framleitt úr sérvöldum hráefnum sem fullnægja næringarþörf hundsins þíns í hverri máltíð.

www.pedigreee.is



Enginn viðbættur sykur



Þróað af dýralæknum



Engin tilbúin bragðefni



Öll næring sem hundurinn þinn þarfnast: Réttu blanda af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.



Heilbrigð húð og glansandi feldur: Réttu blanda af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að honum líði vel og líti vel út.



Styrkir náttúrulegar varnir: Vítamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.



Sterkar tennur og heilbriggt tannhold: Sér mótaðir stökkir bitar sem halda tönnunum sterkum. Án viðbættis sykurs.



Vöðvabygging: Úrvals kjötprótein styrkir vöðva.

Pedigree hvetur alla hund eigendur til að virða lög og reglur um hundahald.

Nýtt app



Við erum komin í 10.000 síma

Nú hafa 10.000 manns sótt Útvappið í símann sinn! Komdu í hópinn og hlustaðu á FM957, Bylgjuna og X977 hvar og hvenær sem er.



Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.



BYLGJAN
98.9

